

Trúnaðarmál

Memo

um hugsanlega málsókn gegn Bretlandi vegna frystingar fjármuna Landsbankans.

1. Þjóðréttarfræðingur hefur undanfarna daga átt fundi með og samtöl við forsætisráðuneytið og lögfræðiskrifstofuna LOGOS vegna skoðunar á hugsanlegri málsókn gegn Bretlandi vegna frystingar breskra stjórnvalda á fjármunum Landsbankans 8. október sl. Ýmsar leiðir eru taldar koma til greina í því sambandi en eins og fram kemur hér að neðan telur þjóðréttarfræðingur raunhæfast að ná fram afturköllun frystingarinnar í samningaviðræðum milli Íslendinga og Breta um heildarlausn Icesave-málsins.
2. Sú málsóknarleið, sem rækilegast hefur verið könnuð, er málshöfðun fyrir breskum dómstólum þar sem sú krafa yrði gerð að ákvörðuninni um frystingu yrði hnekkt á þeim grundvelli að hún eigi sér ekki lagastoð í svonefndum hryðjuverkalögum frá 2001 (Anti-terrorism, Crime and Security Act 2001). Jafnframt yrði þess freistað að fá dæmdar skaðabætur vegna tjóns sem frystingin hefur haft í för með sér. Breska lögfræðiskrifstofan Lovells hefur fyrir milligöngu LOGOS tekið saman ítarleg minnisblöð um þessa leið fyrir forsætisráðuneytið sem þjóðréttarfræðingur hefur yfirfarið.
3. Í framangreindum minnisblöðum kemur fram það mat, sem þjóðréttarfræðingur er sammála, að á brattan yrði að sækja í slíku dómsmáli, ólíklegt væri að breskur dómstóll tæki kröfu um að frystingunni yrði hnekkt til greina og enn ólíklegra að dæmdar yrðu skaðabætur. Mat þetta byggist á mörgum atriðum en að mati þjóðréttarfræðings er það mikilvægasta að hryðjuverkalögin svonefndu eru víðtæk og ná til mun fleiri þátta en hryðjuverka. Sú röksemd fái þar af leiðandi væntanlega ekki staðist að þar sem ákvörðunin um frystingu beinist ekki gegn hryðjuverkum geti hún ekki átt stoð í umræddum lögum.
4. Fram kemur í minnisblöðum Lovells að ekki megi bíða lengi með að fara þessa málsóknarleið þar sem ella sé hætt við að dómstóll myndi ekki taka málið fyrir og vísa því frá. Helst mætti því ekki bíða marga daga með að senda breskum stjórnvöldum svonefnt “pre-action letter” sem er undanfari hinnar eiginlegu málsóknar.
5. Lovells hefur ekki kannað þá leið að höfða mál gegn Bretlandi fyrir alþjóðlegum dómstólum en í fljótu bragði virðist koma til greina að höfða mál fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag eða Mannréttindadómstól Evrópu. Lögsaga Haag-dómstólsins myndi byggjast á samningi milli Danmerkur og Bretlands frá 1905 sem breytt var að því er Ísland varðar með orðsendingaskiptum milli Danmerkur og Bretlands árið 1937. Samningurinn er enn á skrá um samninga Íslands við önnur ríki en leita yrði staðfestingar Bretlands á gildi hans til þess að fá fullvissu um það. Ólíkt dómsmáli fyrir breskum dómstól myndi mál fyrir alþjóðlegum dómstól ekki snúast um hvort ákvörðunin um frystingu hefði lagastoð í hryðjuverkalögnum svonefndu, heldur hvort hún samræmdest reglum þjóðaréttar, m.a. mannréttindareglum um vernd eignaréttar o.fl.
6. Að mati þjóðréttarfræðings er sú leið að höfða mál gegn Bretlandi fyrir alþjóðlegum dómstólum, sé hún gerleg á annað borð, vænlegri en sú að höfða mál fyrir breskum dómstólum. Kemur þar ekki aðeins til að væntanlega mætti treysta hlutleysi alþjóðadómstóls betur en bresks dómstóls, heldur ekki síður hitt að sjálft úrlausnarefnið er annað og líkur á hagstæðri niðurstöðu

virðast meiri. Hafa ber í huga að a.m.k. í einhverjum tilvikum þyrfti að tæma innlend dómstólaúrræði áður en mál yrði höfðað fyrir alþjóðlegum dómstól. Einnig ber að hafa í huga að málsókn fyrir alþjóðlegum dómstól er ekki bundin sömu tímatakörkunum og málsókn fyrir breskum dómstól. Ef talið væri rétt að skoða nánar möguleika á málsókn gegn Bretlandi fyrir alþjóðlegum dómstólum myndi þjóðréttarfræðingur telja rétt að kanna hvort Sir Michael Wood, lögmaður og fyrrverandi þjóðréttarfræðingur breska utanríkisráðuneytisins, væri fánlegur til þess.

7. Í næstu viku munu fara fram viðræður milli Íslands og Bretlands um lánaþyrngreiðslu af Bretlands hálfu og fleiri þætti Icesave-málsins. Að mati þjóðréttarfræðings er vænlegast að ná fram afturköllun frystingar breskra stjórnvalda á fjármunum Landsbankans í þeim viðræðum, enda virðist einsýnt að þegar ábyrgð Íslands á greiðslu lágmarkstryggingar vegna Icesave-innlánsreikninganna liggur fyrir séu engir hagsmunir lengur af því að viðhalda hinni umdeildu frystingu. Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra viðskiptasviðs ræddu hann og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins m.a. þennan þátt málsins á fundi sínum í morgun og á þessum sömu nótum. Ljóst er að fallist bresk stjórnvöld á að afturkalla ákvörðun sína um frystingu verður væntanlega það skilyrði sett að engir eftirmálar verði milli aðila. Af hálfu íslenska ríkisins væri þá ekki unnt að höfða mál síðar til heimtu skaðabóta en væntanlega væri ekki unnt að binda hendur einkaaðila (fyrirverandi eigenda bankanna) að þessu leyti.

8. Þjóðréttarfræðingur telur að sending á “pre-trial letter” til breskra stjórnvalda fyrir áðurnefndar viðræður væri til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á viðræðurnar og efast raunar almennt um þá leið að höfða mál fyrir breskum dómstólum, sbr. það sem að framan segir. Hann telur einnig rétt að bíða átekta með nánari skoðun á hugsanlegri málsókn gegn Bretlandi fyrir alþjóðlegum dómstólum þar til niðurstöður viðræðna íslenskra og breskra stjórnvalda liggja fyrir.

28. nóvember 2008,
THH